

5%, af nettoágóða aðalbúsins eða útibúsins og greiðist sá skattur 1. mars ár hvert af ágóða næstliðins árs.

Þetta verður að áliti fógætarjettarins að skilja svo, að eftir gildistökudag laganna sje eigi heimilt að leggja aukaútsvar eftir efnum og ástæðum t. a. m. ekki við aukaniðurjöfnun eða aðalniðurjöfnun, er fram fer eftir þann dag, á nokkra ríkisstofnun. Hinsvegar er ekki með lögnum felldur niður nokkur hluti löglega álagðs aukaútsvars ríkisstofnana. Það hefði orðið að vera beint fram tekið í lögnum, ef svo hefði átt að vera.

Þegar útsvar það, sem hjer ræðir um, var lagt á Landsverslunina, var hún útsvarsskyld að lögum alt árið og útsvarið var lagt á hana í einu lagi fyrir alt árið en ekki helmingurinn fyrir fyrri helming þess og hinn helmingurinn fyrir síðari helming ársins þótt gjalddagar á ársútsvarinu sjeu tveir til hægðar auka fyrir gjaldendur.

Það er rjettilega tekið fram af gjörðarbeiðanda að ekki verði um það úrskurðað í þessu máli, hvernig fari með greiðslu hins nýja skatts Landsverslunarinnar eftir lögum nr. 47/1924, en það skal þó tekið fram, að á ársskattinum verður framvegis aðeins einn gjalddagi og hann miðaður við heils árs ágóða, því hvergi í lögnum er heimild til að miða skattinn við ágóða annars tímabils, enda munu fyrirtæki eins og Landsverslunin ekki gjöra reikninga sína fyrir lengri eða skemri tíma í einu en eitt ár, og löks, að ekki virðist ástæða til að ætla, að Landsverslunin eigi fyrir nokkurt tímabil að greiða af ágóða sínum bæði aukaútsvar eftir efnum og ástæðum og skatt eftir lögum.

Fógætarjetturinn fær því ekki sjeð að hægt sje að taka til greina hin framkomnu mótmæli gegn framgangi gjörðar þessar.

Mánudaginn 7. desbr. 1925.

Nr. 50/1925.

Valdstjórnin (L. Fjeldsted)
gegn

Stefáni Þorlákssyni (Björn P. Kalman).

Bifreiðarmál.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 25. ágúst 1925: Kærður Stefáni Þorláksson, greiði 50 kr. sekt í bæjarsjóð

fyrir 10. sept. næstkomandi, en sæti ella einföldu fangelsi í 3 daga, ennfremur greiði hann allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það verður að lita svo á að lögreglustjóra Reykjavíkur hafi samkvæmt stöðu sinni og samkv. 46. gr. 2. mgr. sbr. 45. gr. lögreglusamþykktar kaupstaðarins 19. apríl 1919, verið heimilt að skipa fyrir um tendrun ljósa á bifreiðum, sem ekið er um götur bæjarins, svo sem hann hefir gjört með auglýsingu 31. júlí þ. á. og hefir kærði með því að óhlýðnast þessum fyrirskipunum gjörst brotlegur gegn 46. gr. 2. mgr. lögreglusamþykktarinnar, en mál þetta er aðeins höfðað fyrir brot gegn þessu ákvæði. Og með því að fallast verður einnig að öðru leyti á ástæður hins áfrýjaða lögreglurjettardóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu að sektin ákveðst 75 kr. og að 5 daga einfalt fangelsi komi í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum ber kærða að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda 60 kr. til hvors.

Þvi dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að sektin ákveðst 75 kr. og að 5 daga einfalt fangelsi kemur í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa. — Kærði Stefán Þorláksson

greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Björns P. Kalman, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Stefáni Þorlákssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Vatnssstíg 9 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum lögreglusamþykta fyrir Reykjavík.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina og sannaðir eru með eigin játingu kærðs, er kemur heim við það sem á annan hátt er upplýst í málinu. Mánudaginn 10. þ. m. um kl. 10 síðdegis ók kærður um Austurstræti á bifreið sinni R.E. 224 og vantaði á bifreiðina öll hin lögboðnu ljós. Hinn 1. þ. m. hafði settur lögreglustjóri hjer í Reykjavík látið birta auglýsingu um ljós á bifreiðum, að minsta kosti í þremur aðal dagblöðunum hjer í bænum. Auglýsing þessa má sjá á rjettarskjölum nr. 3 og nr. 5—7. En samkvæmt þeirri auglýsingu skyldu ljós 10. þ. m. tendruð á bifreiðum eigi síðar en kl. 9¹/₂ síðdegis. Ákvæði þessi telur lögreglustjórinn sig setja samkvæmt heimild í 46. gr. og 55. gr. lögreglusamþyktaðinnar, enda hefir slík auglýsing verið gefin út af lögreglustjóranum á hverju ári mörg undanfarin ár samkvæmt sömu heimild. Kærður telur sig ekki hafa brotið ákvæði lögreglusamþyktaðinnar með áðurnefndu framferði sínu. Hann telur sjer óskýlt að taka tillit til þeirra auglýsinga um ljós á bifreiðum, sem lögreglustjóri lætur birta. Telur hann sjer aðeins skýlt að tendra ljós á bifreið sinni þegar skuggsýnt sje að sinum dómi og kveikt er á götalljósum.

Dómarinn verður nú að fallast á þá skoðun lögreglustjórans, að hann hafi samkvæmt hinum tilvitnuðu greinum lögreglusamþyktaðinnar haft heimild til að ákveða hvenær ljós skyldu tendruð á bifreiðum hjer í bænum. Ákvæðin hafa einnig verið nægilega birt. Dómarinn telur því að brot gegn hinum áðurnefndu auglýstu ákvæðum sje jafnframt brot gegn ákvæðum áðurnefndra greina lögreglusamþyktaðinnar. Kærður hefir því, að áliti

dómarans, brotið ákvæði 46. gr. 2. mgr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík með nefndu framferði sínu. Kærður hefir þrívægis verið sektaður fyrir brot á bifreiðarlögunum $^{15}/_5$ 1919 kr. 40,00, $^{21}/_1$ 1920 kr. 75,00, $^{4}/_{10}$ 1924 kr. 40,00. Með tilliti til þessa þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið fyrir brot sitt hæfilega ákveðin 50 króna sekt í bæiarsjóð. Sektin greiðist fyrir 10. sept. næstkomandi ella skal kærður sæta einföldu fangelsi í 3 daga. Ennfremur greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og eiðandi kostnað. — Á máli þessu hefir engin óþarfur dráttur orðið.

Miðvikdaginn 9. desbr. 1925.

Nr. 52/1925.

Valdstjórnin (Sveinn Björnsson)
gegn

Otto H. Tancre (Bjarni P. Johnson).

Landhelgisbrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 28. okt. 1925: Hinir kærðu Otto H. Tancre, Hermann Heuer og Friedrich Seemund, sæti sektum til Landhelgissjóðs Íslands, hinn fyrstnefndi 7000 króna, en hvor hinna síðastnefndu 12500 króna og komi í stað sektar hins fyrstnefnda 5 mánaða einfalt fangelsi, en í stað sekta hinna síðastnefndu 8 mánuða einfalt fangelsi, ef sektirnar eru ekki greiddar innan viku frá uppsögn dóms þessa. Auk þess greiði allir hinir kærðu allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað að $^{1}/_3$ hver.

Loks skulu öll veiðarfæri — þar með taldir dragstrengir — og allur afli í b/v. H. C. 106 „Neufundland“, P. G. 301 „Jupiter“ og P. G. 302 „Ernst Wittpfenning“ upptæk og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Dóminum í máli þessu hefir verið áfrýjað að eins að því er snertir einn hinna dómfeldu, Otto H. Tancre, skipstjóra á botnvörpunum „Neufundland“ frá Cuxhafen.